

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Magnús Tryggvason, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri Hörður Oddfríðarson ritari, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Guðrún Pálsdóttir og Árni Stefánsson

**Afbóða, mæta ekki:** Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

## Fundur 07.04 2026 settur kl. 18.00

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

### 1. Mót og starfsemi

- a. ÍM50 var haldið í Ásvallarlaug daganna 27-29. mars. Mótið tókst mjög vel og var vel mannað og skipulagt. Keppendur voru 182. Mótið var í beinu streymi á rásum SSÍ og úrslitahluti sunnudags var sýndur á RÚV2. Bæjarstjóri Hafnarfjarðar Valdimar Víðisson setti mótið fyrir úrslitahluta föstudagsins og Frú Halla Tómasdóttir forseti Íslands afhenti Ásgeirsbikarinn í lok móts fyrir besta árangur á mótinu. Einnig komu þau heiðurshjón Pétur og Sírý og afhentu Péturs- og Kolbrúnarbikarinn. Stjórn SSÍ vill þakka mótanefnd og starfsfólki SSÍ fyrir frábært mót og vill einnig þakka SH fyrir samvinnuna á mótinu.
- b. Næsta mót er IMOC Íslandsmeistaramót Garpa sem haldið verður í Reykjanesbæ 24.–25. apríl. Búið er að opna fyrir umsóknir. Koma þarf búnaði úr Ásvallarlaug til Reykjanesbæjar.
- c. Umsóknum um að halda SSÍ mót á næsta sundári verður komið út til félaganna í vikunni. Umsóknir um mót inn á atburðadagatal SSÍ fyrir næsta sundár er til umræðu hjá þjálfurum og verið að reyna að samræma betur aðgerðir þar. Yfirmaður landsliðsmála mun koma upplýsingum á þjálfara um það.
- d. Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri fór yfir hverjir skipa mótanefnd í framhaldi af yfirferð stjórnar um verklag nefndarinnar frá síðasta fundi. Valdimar frá Sjórvill hitta aðila frá SSÍ til að fara yfir Íslandsmótið í víðavatnssundi.
- e. Farið var yfir endanlega útgáfu af ársreikningi fyrir árið 2025 og spurningar stjórnar sem komu fram á síðasta fundi. Rekstur SSÍ árið 2025 var í jafnvægi.
- f. Mótastjóri fór yfir leyfismál í tengslum við hugbúnað sem við notum á skrifstofu. Búið er að sækja um „non profit“ leyfi fyrir SSÍ sem hefur verið samþykkt af Microsoft. Áætlaður sparnaður á ári er áætlaður um 800 þúsund. Samþykkt var að taka fyrstu skref í að fara yfir í nýtt umhverfi. Framkvæmdastjóri, starfsmenn og bókari þurfa að vera vel inn í ferlinu. LGG setur upp aðgerðaráætlun fyrir verkefnið.
- g. Árni Stefánsson stjórnarmaður fór yfir tillögu að stefnumótunarvinnu SSÍ. Samþykkt var að fara í þessa vinnu og taka fyrstu skref í þessu og setja upp tímaáætlun.
- h. Farið var yfir spurningar frá sundfélaginu Ármanni vegna Water Polo. Ritari tekur að sér að svara þessum spurningum.
- i. Farið var yfir fundargerð af þjálfarafundi frá 7. mars.
- j. Lagt var fyrir fundinn tillaga dómara nefndar um umsóknir fyrir alþjóðleg mót sem eru á árinu. Dómara nefnd leggur til að senda einn dómara á EMU í Munich (Tómas Gísli Guðjónsson), tvo á EM í París (Ingibjörgu Ýr og Ragnheiði Birnu) og einn á HM25 í Beijing í desember (Ingibjörg Ýr). Tillagan fékk umræðu og var samþykkt.
- k. Búið er að skrifa undir samning við Ólaf Árdal um 50% starf í móta- og miðlunarmálum og hóf hann starf í byrjun mars.
- l. Lögð var til reglugerðarbreyting fyrir AMÍ þess efnis að lágmarksfjöldi brauta á mótinu séu 6. Tillagan var samþykkt og breytingin verður sett inn í reglur.

- m. Félög innan SSÍ hafa verið að halda aðalfundi sína síðustu vikur og stjórn SSÍ hefur reynt að mæta þegar að boð hafa borist. Fulltrúar frá SSÍ mættu á fund hjá Sundfélagi Akraness en rekstur félagsins er í góðum höndum. Mannvirkjamál voru í brennidepli og miklar umræður sköpuðust. Fulltrúar frá SSÍ munu sitja fund með bæjarráði Akraness í lok apríl til að fylgja málinu eftir. Tveir fulltrúar frá SSÍ sóttu aðalfund SH sem var gagnlegur og félagið í góðum rekstri. Þá sat yfirmaður landsliðsmála aðalfund Sundfélagsins Óðins á Akureyri en þar er vel haldið um rekstur félagsins en eins og upp á Akranesi þá voru mannvirkjamál í brennidepli og framhald verður á þeim viðræðum. Sjó aðilum innan sundfélagsins Óðins var veitt silfurmerki SSÍ í tilefni fundarins.
- n. Farið var yfir lista yfir alþjóðleg mót 2026-2027

## 2. Afreksmál

- **7. mars yfirþjálfarafundur í hádeginu á Ásmeginmóti SH.**  
Góður fundur þar sem var farið yfir komandi verkefni landsliðs. En stóra umræðan var um hvernig við undirbúum næsta sundár og breytingartillögur fyrir Bikar. Nánari upplýsingar frá fundinum er að finna í fundargerðinni sem er í Dropbox.
- **Valið á alþjóðlegu meistaramótin eftir ÍM50.**
  - **Evrópumeistaramótið í 50m laug (EM50)**  
10 einstaklingar hafa verið valdir til þátttöku: Birgitta Ingólfsdóttir (SH), Birnir Freyr Hálfðánarson (SH), Einar Margeir Ágústsson (ÍA), Guðmundur Leo Rafnsson (ÍRB), Hólmar Grétarsson (SH), Jóhanna Elín Guðmundsdóttir (SH), Snorri Dagur Einarsson (SH), Snæfríður Sól Jórunnardóttir (Aalborg), Símon Elías Statkevicius (SH) og Vala Dís Cicero (SH). Starfsfólk í ferðinni verða Dadó Fenrir Jasminuson (SH), Eyleifur Jóhannesson (SSÍ), Hólmsfríður Hilmarsdóttir (SSÍ) og Steindór Gunnarsson (ÍRB).
  - **Evrópumeistaramót Unglinga (EMU)**  
6 einstaklingar hafa verið valdir til þátttöku: Denas Kazulis (ÍRB), Hólmar Grétarsson, Karl Björnsson (SH), Magnús Víðir Jónsson (SH), Sólveig Freyja Hákonardóttir og Vala Dís Cicero (SH). Starfsfólk í ferðinni verða Bjarney Guðbjörnsdóttir (SSÍ), Dadó Fenrir Jasminuson (SH) og Hlynur Sigurðsson (SSÍ).
  - **Norðurlandamót æskunnar (NÆM)**  
3 einstaklingar hafa verið valdir til þátttöku: Alexander Ari Andrason (Ármann), Alicja Julia Kempisty (SH) og Auguste Balciunaite (SH). Starfsfólk í ferðinni verða Marlena Kempisty (SSÍ), Klaus Ohk eða Daníel Lúkas Tómasson (SH).
- **30. mars fóru fram myndbandsupptökur í Laugardalslaug fyrir EMU- og EM50-sundfólk.**  
Þriðjudagskvöldið 7. apríl verður endurgjöf á fjarfundi fyrir sundfólk og þjálfara. Þar mun Johan fara yfir algengustu hlutina sem hægt er að laga. Miðvikudaginn 8. apríl tekur hann svo fund með þjálfurum sundfólksins, þar sem verður farið í gegnum greiningarskýrslurnar og þar sem Johan kemur með ráðleggingar að betrubótum.
- **31. mars fóru fram sundmælingar í Ásvallalaug fyrir Afrekslandsliðið.**  
Mælingarnar gengu vel þar sem Ragnar Guðmundsson stjórnaði með aðstoð frá Inga Þór Einarsyni frá HR og þjálfurum sundfólksins.

### Verkefni framundan

- 25-26. apríl æfingahelgi fyrir Framtíðarhóp í Laugardal.
- 31. mars tæknigreining (EMU + EM50 hópur)
- 1. apríl sundmælingar (Afrekslandslið)

- 8.–15. apríl Stockholm Open og sundmæling í Álaborg. Eyleifur verður með Snæfriði á þessu móti, ásamt sundmælingum sem Ragnar mun vera með í Álaborg eftir mótið.
- 8-10. maí Taastrup Open (Framtíðarhópur)
- 23-25. maí AP Race International (Landsliðshópar)
- 29-30. júní Norðurlandsmót Æskunnar í Osló (valið eftir ÍM50)
- 7-12. júlí Evrópumeistaramót Unglinga í Munchen (valið eftir ÍM50)
- 13-26. júlí Æfingabúðir fyrir EM50 hópinn á Mallorca
- 10-16. ágúst Evrópumeistaramótið (EM50) í París (valið eftir ÍM50)

### Heimsmeistaramótið í 25 m laug 1.–6. desember 2026 í Beijing

Umræða fór fram um hvernig ætti að velja sundfólk á HM25, líklegast verður valið sundfólk út frá árangri í 50m laug og eingöngu árangur á alþjóðlegum mótum.

### 3. Fundargerðir innan SSÍ

Engin fundargerð lá fyrir fundinum.

### 4. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
09.03.2026	Bréf til sérsambanda Lottó	ÍSÍ/HK
09.03.2026	Bréf til sérsambanda ríkisstyrkur	ÍSÍ/HK
17.03.2026	SSÍ and Ármann Waterpolo	SÁ/ZMW
17.03.2026	Reglugerð um afrekssjóð	ÍSÍ/KSR
23.03.2026	Fundargerð aðalfundar sunddeildar Vestra	SV/PJÞ
25.03.2026	Ársskýrsla SH	SH/KJO
01.04.2026	Learn to Swim conference in Tallin	ESF/PA

### 5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum				

### 6. Staðfesting meta / afreka

#### Íslandsmet

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
4x200m skriðsund	Karla Sveit SH	SH	07:37,92	27.03.2026	Hafnarfjörður

#### Unglingamet

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
400m fjórsund	Hólmar Grétarsson	SH	04:27,37	29.03.2026	Hafnarfjörður

### 7. Önnur mál:

- Learn to Swim conference verður haldin í Tallinn í Eistlandi 9.–10. október. Bréf þess efnis hefur verið sent á hreyfinguna.
- Gagnagrunnur fyrir Swimify er að verða tilbúinn og gögn komin inn. Leifur Guðni og Bjarney eru að þýða viðmótið og vonast er til að það verði tilbúið í sumar.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.30